

Menning, staðhættir og saga sem endur- speglast í föstum orðasamböndum í íslensku, spænsku og þýsku

1. Inngangur

Nábýli tungumála í Evrópu og menningarleg, söguleg og pólitísk tengsl milli málsvæða hafa í aldanna rás gert það að verkum að ekki einungis hafa orð borist með beinum eða óbeinum hætti á milli mála heldur einnig orðasambönd. Fyrir vikið eiga mörg tungumál ýmislegt sameiginlegt. Líkindi tungumála hafa vakið athygli fræðimanna um allan heim og hafa þeir í auknum mæli beint sjónum að samanburði mála á ýmsum sviðum, m.a. á sviði orðfræði og orðasambandafræði.

Í þessari grein er fjallað um föst orðasambönd (orðtök, orðapör, orðastæður, fleyg orð, málshætti o.s.frv.) og fellur umfjöllunin undir orðasambandafræði eða fraseólógíu. Þess ber að geta að föst orðasambönd eru viðfangsefni rannsókna innan ýmissa annarra fræðigreina, til dæmis í orðabókarfræði, innan sögulegra málvísinda, málsögu og þýðingarfræði. Hér verða föst orðasambönd í íslensku, spænsku og þýsku borin saman. Íslenska er annars vegar borin saman við rómanskt mál (spænsku) og hins vegar annað germanskt tungumál (þýsku). Þar með má skipa rannsókninni á svið með öðrum samanburðarannsóknum í málvísindum.

Föst orðasambönd eru alla jafna skilgreind sem fleiryrtar einingar, þ.e. „þau samanstanda [...] af mismörgum orðum og merking þeirra

getur ýmist verið summa af merkingu einstakra eininga orðasambandsins eða yfirfærð“ (Oddný Sverrisdóttir 2009, 3).¹ Flestar rannsóknir í orðasambandafræði hafa hverfst um að lýsa gerð og byggingu orðasambanda og flokkun þeirra eftir merkingarsviði (Piirainen 2012, 47; Corpas Pastor 2003, 39–55). Rússneski orðasambandafræðingurinn Dobrovol'skij og þýski málvísindamaðurinn Piirainen (2000, 2006, 2009, 2010, 2018; Piirainen 2005, 2011, 2012, 2016) brjóta blað í rannsóknum á orðasamböndum þegar þau leggja til aðra nálgun í flokkun og rannsóknum á þeim. Þau líta svo á að menning sé grunnstef í orðasamböndum og telja að þau endurspegli menningu þess samfélags sem þau eru sprottin úr. Þá leggja þau uppruna og fyrstu heimildir til grundvallar flokkun á orðasamböndum með það fyrir augum að kortleggja orðasambönd sem kalla mætti algild (e. *universal*), þ.e. þau koma fyrir í mörgum og jafnvel ólíkum tungumálum. Niðurstaða rannsókna þeirra er í stuttu máli sú að mörg orðasambönd sem fyrirfinnast í mismunandi tungumálum eiga sér sömu rætur og má rekja til sömu heimildar.

Almennt er talið að sérkenni hvers tungumáls felist m.a. í föstum orðasamböndum sem bera ákveðinni menningu málhafa, atvinnuháttum, veðráttu, o.s.frv. vitni og eru ekki sprottin af sama meði þó vissulega geti þau átt sér merkingarlega samsvörun í öðru tungumáli. Föst orðasambönd af þessu tagi eru svæðisbundin eða sértæk (e. *particular*), þ.e. bundin við eitt tungumál eða málsvæði þar sem þau koma sjaldnast eða ekki fyrir utan viðkomandi málsvæðis.

Í þessari grein er ætlunin að beina athyglinni að því hvernig menning, staðhættir og saga endurspeglast í orðasamböndum í tungumálunum sem urðu fyrir valinu: íslenska í Norður-Evrópu, þýska í Mið-Evrópu og spænska í Suður-Evrópu. Sjónarhornið er tvíþætt. Í fyrri hlutanum er ætlunin að reifa orðasambönd sem eru algild, þ.e.a.s. koma fyrir í mörgum tungumálum, litið verður til uppruna þeirra og í hvaða heimildum eða textum þau koma fyrst fyrir. Mörg föst orðasambönd hafa borist í þýðingum úr einu máli í annað en oft má rekja uppruna þeirra til sameiginlegra heimilda. Til að mynda hafa Biblían, sameiginlegur menningararfur, bókmenntir og mannkynssagan verið uppspretta margra fastra orðasambanda. Í

1 Eiginleikar fastra orðasambanda eru fleiryðiseðli, festa og orðtakseðli. Í þessari grein er ekki farið nánar í flokkun, gerð og eðli fastra orðasambanda heldur er vísað í Burger (2015), Corpas Pastor (1997), García-Page (2008), Sverrisdóttir (2009; 2012), Erlendsdóttir, Sverrisdóttir (2021), Erlendsdóttir, Sverrisdóttir (2022) þar sem fjallað er ítarlega um þessi atriði.

seinni hlutanum er gerð grein fyrir svæðisbundnum orðasamböndum í tungumálunum þremur. Augu beinast að þáttum sem liggja til grundvallar föstum orðasamböndum í þessum tungumálum og sem koma alla jafna ekki fyrir í öðrum málum.

Efnisskipan greinarinnar er þannig að í öðrum kafla er vikið að skilgreiningum og hugmyndum um menningu. Þá er sagt frá flokkun menningarbundinna orðasambanda. Fyrst er gerð grein fyrir algildum orðasamböndum (e. *universal*) og dæmi gefin um uppruna og sögu valinna orðasambanda. Þá verður litið á orðasambönd sem koma einungis fyrir í þeim tungumálum sem eru í brennidepli, íslensku, spænsku og þýsku, og kalla mætti svæðisbundin orðasambönd (e. *particular*). Í síðasta kafla er samantekt í lokaorðum.

2. Tungumál og menning

Tungumálið varðveitir sögu okkar og menningu og endurspeglar jafnframt menningarsögulegan veruleika og umhverfi málnotenda hverju sinni. Þess sér til að mynda glögg merki í þeim orðasamböndum sem spretta af ýmsum sviðum þjóðlífs og menningar.

Menning er víðfeðmt hugtak sem má skilgreina og skilja á ýmsa vegu. Í *Íslenskri orðabók* (2002) er fyrsta skilgreining orðsins „þroski mannlegra eiginleika mannsins, þjálfun mannsins, þjálfun hugans, verkleg kunnátta, andlegt líf, sameiginlegur arfur (venjulega skapaður af mörgum kynslóðum)“ og önnur er „rótgróinn háttur, siður“ (*ÍO*). Hér beinast sjónir fyrir það fyrsta að því sem lýtur að (1) verklegri kunnátta, (2) andlegu lífi og (3) sameiginlegum arfi; og í annan stað því sem er rótgróinn háttur eða siður. *Íslensk nútímamálsorðabók* skilgreinir *menningu* sem „þroska- eða þróunarstig mannlegs samfélags, andlegt líf þess og efnisleg gæði“ (*ÍNO*), þ.e. það sem ein-kennir mannlegt samfélag. Ef flett er upp í *Íslenskri alfræðiorðabók* má lesa að *menning* sé „heild þekkingar, siðferðis, trúar og tákna sem er undirstaða mannlegs samfélags“ (*ÍA*) og Ásgeir Blöndal Magnússon gerir í stuttu máli grein fyrir uppruna orðsins *menning* í orðsifjabók sinni þar sem fram kemur að *menning* sé „þroski hugar og handa; arf-tekin list og kunnátta, oft í líki ýmissa hluta og verka [...] no. leitt af so. *menna*“ (*ÍOS*).

Gauti Sigþórsson menningarfræðingur segir að *menningu* megi skilgreina á tvo vegu: annarsveggar merkir hugtakið „það besta sem hugsað og sagt hefur verið“ og hinsveggar „nær það yfir það sem tiltekinn hópur fólks gerir“ og er hér vísað til „hefða, tungumáls, lista, trúarbragða og annars sem einkennir tiltekinn hóp eða þjóð“. Einnig bendir hann á að menning geti „átt við það sem hópar eða þjóðir eiga sameiginlegt“ og kallast alþjóðamenning (2006). Arnar Árnason mannfræðingur tekur í sama streng og nefnir hugmyndina „um menningu sem rótgróinn sið, sameiginlegan arf“ sem gjarnan er tengdur „hugtakinu þjóðmenning“, þ.e. að „hver þjóð eigi sérstaka menningu“ (2003).

Wierzbicka (1992, 1996) er þeirrar skoðunar að menningu skuli skilgreina vítt og segir hún að „almost everything in language reveals a certain degree of cultural specifics“ (í Piirainen 2012, 48).

3. Menningarfyribæri sem endurspeglast í orðasamböndum

Orðasambönd og orðtök eru hluti af menningu hvers samfélags og endurspeglar trú, hefðir og siði þess. Til að geta túlkað rétt yfirferða merkingu orðasambanda er nauðsynlegt að þekkja vel þann jarðveg sem þau spretta úr, hvort sem hann er sögulegur eða menningarlegs eðlis, (Castillo Carballo 2003) þar sem mörg myndhverfð orðasambönd tengjast ýmsum menningarlegum þáttum.

3.1. Flokkun menningarbundinna orðasambanda: algild og sértæk orðasambönd

Menning spannar vítt svið eins og hér hefur verið vikið að. Fjölbreytileiki menningar birtist jafnt í orðum sem orðasamböndum í tungumálum heims. Orðasambönd sem endurspeglar einhvern þátt sem lýtur að menningu mætti kalla menningarbundin orðasambönd. Þeim má skipta í tvo hópa eftir því hvort þau eru alþjóðleg eða algild (e. *universal*), þ.e. fyrirfinnast í mörgum tungumálum heims, eða svæðisbundin (e. *particular*), þ.e. koma einungis fyrir hjá afmörkuðum hópi eða þjóð (Luque Durán og Manjón Pozas 1998a). Dæmi um hið fyrrnefnda eru orðasambönd sem eiga rætur í vestrænni menningu

eða kristinni trú. Hér má nefna orðasambandið *enginn er spámaður í sínu fjoðurlandi* sem merkir að „oft sé erfitt að ná eyrum samlanda sinna“, á spænsku er sagt *nadie es profeta en su tierra* og á þýsku *der Prophet im eigenen Land ist nichts wert*. Orðasambandið er á ensku *the prophet in your own country is worth nothing*, og á dönsku er það *profeten i dit eget land er intet værd*. Annað alþjóðlegt menningarbundið orðasamband er *vera í sjöunda himni*, sem á þýsku er *im siebten Himmel sein*, og spænsku *estar en el séptimo cielo*. Ef litið er til annarra tungumála má nefna að á ensku er sagt *to be in seventh heaven* og á dönsku *være i syvende himmel* (sjá Piirainen 2012, 27–28).

Hér má spyrja sig hvað liggi að baki þessum orðasamböndum, hvaðan þau komi og af hverju þau fyrirfinnist í svo mörgum tungumálum sem raun ber vitni. Því er til að svara að í flestum tilfellum eiga þau sameiginlegan uppruna, og þau sem hér voru nefnd sem dæmi eiga rætur í Biblíunni. Piirainen og Dobrovolskij mörkuðu ákveðin spor í rannsóknum á menningarbundnum orðasamböndum og stóð Piirainen fyrir viðfeðmri rannsókn á orðasamböndum í evrópskum tungumálum og víðar í heiminum. Fékk hún sérfræðinga frá 73 málsvæðum til liðs við sig og voru á fjórða hundrað orðasambönd borin saman á milli mála. Niðurstaða rannsóknarinnar kom út í tveimur bókum á árunum 2012 og 2016.

Menningarbundin orðasambönd sem fyrirfinnast hjá afmörkuðum hópi tengjast menningarlegum sérkennum hópsins sem á í hlut, eða siðum og hefðum. Dæmi um slíkt eru orðasambönd sem lúta að nautaati og fyrirfinnast í spænsku. Orðasambandið *bramar como un toro*, sem merkir bókstaflega ‚rymja eins og naut‘, hefur yfirfærðu merkinguna ‚að verða fokvondur‘. Annað orðasamband er *hablemos de toros* sem merkir ‚skiptum um umræðuefni‘ en þýðir bókstaflega ‚tölum um nautaa‘. Sérþýsk menningarbundin orðasambönd eru til dæmis þau sem lúta að matarmenningu og hernaðarlist, hér má nefna *nur Bahnhof verstehen*, skilja ekki neitt í neinu, sem á rætur sínar að rekja til örmagna hermanna sem þráðu það eitt að komast í lest og halda heim (Röhrich 1982). Ef litið er til íslensks málsamfélags má nefna orðasambönd sem lúta að sjómannamáli eins og *sitja við sinn keip* ‚vera fastur fyrir, óhagganlegur, þrjóskur‘, eða tengjast íslenska hestinum og reiðmennsku, *riða á vaðið* ‚verða fyrstur‘, og veðurfari, *vita ekki hvaðan á sig stendur veðrið* ‚eitthvað kemur algerlega á óvart‘ (ÍNO).

3.2. Flokkun menningarbundinna orðasambanda: heimildir og uppruni

Margir orðasambandafræðingar hafa freistað þess að flokka menningarbundin orðasambönd eftir því úr hvaða jarðvegi þau spretta og hvaða sviði þau tilheyra: bókmenntum eða sögu, siðum eða hefðum o.s.frv. Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir helstu flokkunum.

Fræðimennirnir Luque Durán og Manjón Pozas eru meðal þeirra fyrstu á Spáni til að flokka menningarbundin orðasambönd (1998a). Þeir skipa þeim niður í eftirfarandi fjóra flokka: (1) þau sem eiga uppruna sinn í Biblíunni (t.d. *auga fyrir auga og tönn fyrir tönn*), (2) þau sem koma úr klassískum textum og bókmenntaverkum (t.d. *finna hvar skórin kveppir að*), (3) þau sem eiga uppruna á ákveðnu málsvæði eða innan ákveðinna landamæra (t.d. þau sem lúta að nautaati á Spáni), og (4) þau sem eiga uppruna í fordómum af ýmsu tagi, t.d. kynþáttafordómum, kvenfyrirlitningu m.m. (t.d. *spyrja eins og fávís kona*).

Dobrovól'skij og Piirainen (2006 og 2009) skipa menningarfyrirbærum sem liggja menningarbundnum orðasamböndum til grundvallar í eftirfarandi fimm flokka: (1) samfélagslegir þættir, (2) efnislegir þættir, (3) textar og tilvitnanir, (4) þættir sem falla undir yfirnáttúruleg fyrirbæri og (5) þættir sem lúta að ýmsum menningartáknum. Nú skal litið nánar á flokkun þeirra.

Áður en sjónum er beint að fyrsta flokknum má geta þess að rússneski fræðimaðurinn Zholobova (2015) telur að bæta megi nokkrum atriðum í flokkun Dobrovól'skij's og Piirainen. Í fyrsta lagi leggur hún til að fyrsti flokkurinn kallist samfélagslegir og sögulegir þættir menningar, þ.e. að hinum sögulega þætti sé bætt hér við. Þá telur hún nauðsynlegt að skipa tveimur liðum til viðbótar undir þetta svið: annarsvegar atvinnuháttum og hinsvegar venjum og hefðum. Í þennan flokk, sem við kjósum nú að kalla „samfélagslegir og sögulegir þættir“, fellur að auki allt það sem lýtur að félagslegri hegðun og samskiptum fólks. Dæmigerð orðasambönd í þessum flokki væru þau sem lýsa daglegum athöfnum, t.d. *a quien madruga Dios le ayuda* í spænsku og samsvarandi orðasambönd í íslensku *morgunstund gefur gull í mund* og þýsku *Morgenstund hat Gold im Mund*.

(2) Annar flokkur vísar til efnislegra þátta menningar eins og klæðnaðar, matar og drykkjar. Á spænsku er sagt *cortar el bacalao*,

bókstaflega „skera saltfiskinn“, þegar riðið er á vaðið í einhverju máli eða einhver *hefur frumkvæðið* eða *tekur af skarið* (DiLEA). Dæmi úr þýsku er *Tomaten auf den Augen haben* sem merkir ‚taka ekki eftir einhverju, vera heimskur‘, orðasamband sem vísar til þess að vera með rauðþrútin augu af þreytu. Í íslensku mætti nefna orðasambandið *draga ýsur* ‚dorma, dotta‘ (ÍOnet; ÍNO).

(3) Í þriðja flokkinn falla skírskotanir í texta af ýmsu tagi. Hér má nefna tilvitnanir í kvikmyndir, söngtexta, auglýsingar, goðsagnir, þjóðsögur og ævintýri, klassískar bókmenntir og sögu m.m. Sem dæmi má nefna að í spænsku er gjarnan sagt *la alegría de la huerta* (‚fögnuður í jurtagarðinum‘) þegar gleðin er við völd en hér er vísað í þekktu spænska óperettu. Vísun í bókmenntatexta er t.d. orðasambandið *luchar contra los molinos de viento* ‚berjast við vindmyllur“ úr Don Kíkóta eftir Miguel de Cervantes. Úr íslenskum bókmenntatexta er *nú falla vötn öll til Dýrafjarðar* úr Gísla sögu Súrssonar. Í þýsku má benda á orðasambandið *da wird der Hund in der Pfanne verrückt* (‚hundurinn verður óður á pönnunni‘) ‚verða mjög hissa‘ sem á rætur sínar að rekja í söguna um Till Eulenspiegel (Röhrich 1982).

(4) Fjórdi flokkinn mætti kalla yfirnáttúruleg fyrirbæri. Undir þetta svið falla fyrirbrigði eins og þjóðtrú, hjátrú, alþýðutrú, yfirnáttúra, átrúnaður og tilbeiðsla m.m. Á spænsku er gjarnan sagt þegar einhver er eldgamall að viðkomandi sé *más viejo que Carracuca* ‚miklu eldri en Carracuca‘ en Carracuca er spænsk þjóðsagnapersóna. Í íslensku heyrðust áður fyrr orð og orðasambönd eins og *kommúnistagrýla* og að einhver væri *eins og leppalúði*, ‚töttralegur til fara‘. Ósjaldan heyrst sagt að einhver sé *eins og álfur út úr hól*, ‚vera viðutan‘, og að *ekki séu allar dísir dauðar* þegar ‚það er ekki öll von úti‘. Í þessum orðasamböndum er vísað til yfirnáttúrulegra vera í íslenskri þjóðtrú. Þýska orðasambandið *von allen guten Geistern verlassen* þýðir bókstaflega ‚allar góðar vættir hafa yfirgefið einhvern“ en merkir ‚vera ekki með öllum mjalla‘ mætti flokka með þessum orðasamböndum.

(5) Til fimmta flokksins teljast ýmis menningarleg tákni eins og *brauð* sem víða í Evrópu tákna ‚lífsviðurværi‘, samanber *vort daglega brauð* (sjá Piirainen 2012, 230) og orðasambönd eins og að *strita fyrir [binu] daglega brauði*.

Hér í greininni verður stuðst við þessar helstu flokkanir sem hafa verið nefndar til sögunnar. Fyrst eru menningarbundin orðasambönd flokkuð eftir því hvort þau eru algild (e. *universal*) eða sértæk (e. *particular*). Þau sem falla í flokk algildra orðasambanda er síðan skipað í hópa eftir því hver uppruni þeirra er. Þar eru orðasambönd sem eiga sameiginlegan uppruna í tungumálunum þremur. Hjá sértækum orðasamböndum verður litið til uppruna orðasambanda í hverju tungumáli fyrir sig, íslensku, spænsku og þýsku, með það fyrir augum að draga upp mynd af sérkennum hvers málsvæðis.

4. Menningarbundin orðasambönd í íslensku, þýsku og spænsku

Í næstu köflum verður sjónum beint að tungumálunum þremur sem eru hér í brennidepli: íslensku, þýsku og spænsku. Til að byrja með verður litið til menningarbundinna orðasambanda sem eiga sér sama eða svipaðan uppruna og fyrirfinnast í þessum tungumálum. Þá verður fjallað um orðasambönd sem endurspegla menningarleg fyrirbæri hvers málsvæðis fyrir sig og koma alla jafna ekki fyrir utan landamæra þeirra.

4.1. Dæmi um algild menningarbundin orðasambönd í íslensku, þýsku og spænsku

Eins og áður var vikið að koma orðasambönd með sömu byggingu og merkingu fyrir í mörgum tungumálum heims. Að baki geta legið textatengsl af ýmsum toga en oft eiga þau sér sama uppruna, þ.e. koma fyrir í grísk-latneskum textum, Biblíunni, bókmenntaverkum, þjóðsögum, ævintýrum og goðsögum. Einnig dæmisögum, fábúllum og dýrasögum, svo dæmi séu nefnd. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum völdum sviðum.

4.1.1. Dæmi um orðasambönd úr Biblíunni

Biblían, sem hefur verið þýdd á ótal tungumál, er uppspretta orðasambanda sem lúta á einn eða annan hátt að gildum kristinnar trúar

eða vísa til dæmisagna úr kristnisögu. Orðasambönd sem rekja má til heilagrar ritningar má finna í mörgum Evrópumálum, m.a. íslensku, þýsku og spænsku eins og dæmin hér á eftir sanna.

Að baki orðasambandinu *kasta perlum fyrir svín* í merkingunni ‚sóa verðmætum í þann sem kann ekki að meta þau‘, í spænsku *echar perlas a los cerdos* og þýsku *Perlen vor die Säue werfen*, liggja orð úr Matteusarguðspjalli, 7. kafla, vers 6: „Gefið ekki hundum það sem heilagt er, og kastið eigi perlum yðar fyrir svín. Þau munu troða þær undir fótum, og þeir snúa sér við og rífa yður í sig“ (*Hið íslenska biblíufélag*) sem vísa í vanhelgun þess, sem heilagt er (sjá einnig Piirainen 2012).

Annað þekkt orðasamband er *þvo hendur sínar af e-u* og merkir ‚firra sig ábyrgð á e-u‘, ‚telja sig ekki bera ábyrgð á e-u‘ (*ÍNO*). Hér er vísað í Biblíuna. Þar segir að þegar lýðurinn krafðist að Jesús yrði krossfestur hafi Pílatus þvegið hendur sína í augsyn viðstaddra til að sýna að hann ætlaði ekki að axla ábyrgð á dauða Jesú. Piirainen (2012, 203–204) bendir á að þessi athöfn sé nefnd í lögum Móse og komi fyrir í bæði Gamla og Nýja testamentinu. Jafnframt nefnir hún að um forna hefð meðal Gyðinga sé að ræða. Á spænsku merkir orðasambandið *lavarse las manos* (Fundación para la Difusión de la Lengua y Cultura Española) það sama og í íslensku. Á þýsku er sagt *seine Hände in Unschuld waschen*.

Í Matteusarguðspjalli (7. kafla) er klausa um flísina í auga náungans. Þar segir: „En hví sér þú flísina í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum í auga þínu?“ (*Hið íslenska biblíufélag*). Orðin sem liggja að baki orðasambandinu *sjá flísina í auga náungans en ekki bjálkann í eigin auga* sem fyrirfinnast víða, t.d. í spænsku: *vemos la paja en el ojo ajeno y no vemos la viga en la nuestra* og þýsku: *den Splitter im fremden Auge, aber nicht den Balken im eigenen sehen*. Í öllum tilvikum er merking orðasambandsins sú að ‚sjá veikleika annarra en líta framhjá eigin veikleika‘. Piirainen (2012) telur að orðasambandið sé frá fornum tímum en nái fyrst útbreiðslu með þýðingu Biblíunnar.

Að *dansa í kringum gullkálfinn* ‚sækjast eftir ríkidæmi‘ ‚eftirsókn í peninga‘ (*ÍNO*) er orðasamband sem á rætur í frásögninni um gullkálfinn í 32. kafla í 2. Mósebók. Þar segir frá því að þegar Móses kom niður af Sínaifjalli með sáttmálann sá hann að fólkíð tilbað gullkálfi: „Þegar Móse nágaðist búðirnar og sá kálfinn og hringdansinn bloss-

aði reiði hans upp“ og hann lét brenna gullkálfinn í eldi. „Morguninn eftir sagði Móse við fólkíð: „Þið hafið drýgt stóra synd. Nú ætla ég að fara upp til Drottins. Ef til vill get ég friðþægt fyrir synd ykkar“. Móse sneri því aftur til Drottins og sagði: „Þetta fólk hefur drýgt stóra synd. Það hefur gert sér guð úr gulli. Nú bið ég að þú fyrirgefir synd þess“ (*Hið íslenska biblíufélag*). Þessi frásögn hefur orðið kveikjan að orðasambandinu sem hér er rætt um og á sér samsvörun í mörgum Evrópumálum, til að mynda þýsku, *der Tanz um das goldene Kalb*, og spænsku, *adorar el becerro de oro* (DLE). Önnur dæmi úr Biblíunni má sjá hér í Töflu 1.

Tafla 1. Dæmi um orðasambönd úr Biblíunni

Íslenska	Þýska	Spænska
auga fyrir auga, tönn fyrir tönn	Auge um Auge, Zahn um Zahn	ojo por ojo, diente por diente
bera sinn kross/sína byrði	sein Kreuz tragen	llevar alguien su cruz
bjóða hinn vangann	die andere Wange hinhalten	dar la otra mejilla
dýrka gullkálfinn/dansa í kringum gullkálfinn	der Tanz um das goldene Kalb	adorar el becerro de oro
fara frá Heródes til Pilatusar	von Pilatus zu Herodes	ir de Herodes a Pilatos
hið daglega brauð	das tägliche Brot	el pan nuestro de cada día
hrópandinn í eyðimörkinni	ein Rufer in der Wüste	voz que grita en el desierto
kasta fyrsta steininum	den ersten Stein werfen	el que esté sin pecado, que le tire la primera piedra
kasta perlum fyrir svín	Perlen vor die Säue werfen	echar perlas a los cerdos
komast í gegnum nálarauga	eher geht ein Kamel durch ein Nadelohr	meterse/entrar/pasar por el ojo de una aguja
reisa hús á sandi	Haus auf Sand bauen	construir/edificar en/sobre arena
Salómónsdómur	Urteil des Salomon	decisión/sentencia salomónica
skilja hismið frá korninu/hveitinu/kjarnanum	die Spreu von Weizen trennen	separar el trigo de la cizaña
vera í sjöunda himni	im siebten Himmel sein	estar en el séptimo cielo
þvo hendur sínar af e-u	seine Hände in Unschuld waschen	lavarse las manos

4.1.2. Dæmi um orðasambönd úr fornum klassískum textum, goðsögum og bókmenntum

Orðasambönd eiga mörg uppruna sinn í klassískum grískum eða latneskum textum. Slík orðasambönd krefjast ákveðinnar þekkingar af hálfu viðmælanda, hann þarf að vera víðlesinn og þekkja til uppruna orðasambandsins til að túlka það sem sagt er. Hér má nefna *trójubest*, hugtak sem hefur mikið verið notað í heimi forritunar. Samkvæmt *Íslenskri nútímamálsorðabók* merkir orðið í fyrsta lagi þann eða þá „sem laumar sér inn í félagsskap með það að markmiði að valda þar skaða“ og í öðru lagi er um forrit að ræða „sem villir á sér heimildir og gerir annað en notandinn býst við“ (*ÍNO*; sjá einnig *ÍOB*). Að baki liggur sagan um fall Tróju í fornöld sem m.a. er sagt frá í kvæðum Hómers. Grikkir sátu um Trójuborg í hinu svokallaða Trójustríði. Eftir langt umsátur tókst þeim með ráðsnilld að ná borginni á sitt vald eins og Geir Þórarinsson (2005) útskýrir í grein sinni um atburðinn:

Í Ódysseifskviðu og víðar er sagt frá hvernig Grikkjum tókst að komast inn fyrir borgarmúrana. Hinum ráðkæna Ódysseifi datt það snjallræði í hug að smíða stóran tréhest og skilja hann eftir sem gjöf handa Tróverjum. Inni í hestinum leyndust Grikkir sem áttu að opna borgarhliðið innan frá og hleypa inn herliði Grikkja, sem hafði yfirgefið herbúðir sínar og faldist á öðrum stað. Áform Grikkjanna tókust og Trója féll eftir áratugs langt umsátur.

Í spænsku er orðasambandið *caballo de Troya* og er merking þess sú sama og í íslensku. Í þýsku er hið sama uppi á teningnum en þar kemur *das trojanische Pferd* fyrir í sömu merkingu og í fyrrnefndum tungumálum.

Nýverið var haft eftir seðlabankastjóra Íslands að hann hefði áhyggjur af þróun vinnumarkaðarins: „Ég óttast að þar sé akkilesarhæll Íslands í baráttunni gegn verðbólgu nú.“ (Inga Þóra Pálsdóttir, 2023). *Akkilesarhæll* merkir samkvæmt *Íslenskri nútímamálsorðabók* „veikur hlekkur, viðkvæmur blettur“ (*ÍNO*). Í spænsku er sagt *ser el talón de Aquiles* og er merking orðatiltækisins ‚viðkvæmur blettur á einhverju eða einhverjum‘ (*DLE*). Í þýsku fyrirfinnst samsetta orðið *Achillesferse* og orðasambandið er *etwas ist jemandes Achillesferse*. Hér er

vísun í forna goðsögu frá Grikklandi sem segir frá Akkilesi, hetju Akkea í Trójustríðinu. Sagan segir að móðir hans hafi dýft honum á barnsaldri í fljótið Stix til að gera hann ódauðlegan. Hún hélt um hæl hans á meðan hún baðaði hann í fljótinu þannig að vatnið náði ekki að væta hælinn og fyrir vikið varð hælinn hans viðkvæmi blettur. Eitraðri ör sem var skotið í hæl hans varð honum síðar að aldurtíla (Jón Gunnar Þorsteinsson 2003).

Orðasambandið *sjá (vitalfinna) hvar skórin kreppir (að)* ,sjá hvar erfiðleikarnir, vandamálín eru‘ (ÍNO), á sér samsvörun í þýsku, *jeder weiß am besten, wo ihn der Schub drückt*, og spænsku, *cada uno sabe dónde le aprieta el zapato*. Það á uppruna sinn í texta Plutarks, *Coniugalia Praecepta* (Um hjónabandið), frá 1. öld e. Kr. en þar segir frá Rómverjanum Aemilius Paulus sem var ávítaður fyrir að skilja við fagra og undirgefna eiginkonu sína. Hann brást við með því að benda á nýjan skó á fæti sér og segja að enginn vissi hvar skórin krepti nema hann (Piirainen 2011, 120).

Gráta krókódílatárum ,gráta án þess að nokkur sorg liggi að baki, gráta af hrænsni‘ (ÍNO), er orðasamband sem á sér samsvörun í þýsku *Krokodilstränen weinen/vergießen* og spænsku *lágrimas de cocodrilo (DLE)*. Í fornum sögum er sagt frá því að krókódílar veini átakanlega og úthelli tárur þegar þeir sitja fyrir fórnarlambi sínu og þegar þeir rífa það í sig. Þessar fornu sögur eru taldar eiga rætur í klassískum tíma. Í textum eftir Plíníus eldri og Seneca er voli krókódíla lýst á ýktan hátt. Lýsingin barst síðar inn í vísindatexta síns tíma, m.a. *Das Buch der Natur* (um 1350) eftir Konrad von Megenberg. Þá kemur sagan einnig fyrir í ferðasögu Mandevilles, *The Travels of Sir John Mandeville*, frá miðri 14. öld, í textum húmanista víða í Evrópu, í skrifum Erasmusar og annarra áhrifamikilla höfundar í álfunni (Piirainen 2011, 130).

Dæmi um orðasambönd af umræddum uppruna eru í Töflu 2.

Tafla 2. Dæmi um orðasambönd úr klassískum textum, goðsögum og bókmenntum

Íslenska	Þýska	Spænska
að hræðast sinn eigin skugga	sich vor seinem eigenen Schatten fürchten	tener miedo hasta de su propia sombra
ein svala gerir ekki vor	eine Schwalbe macht keinen Sommer	una golondrina no hace verano

eitthvað er Akkillesarhæll einhvers	etwas ist jemandes Achillesferse	ser el talón de Aquiles
gráta/skæla krókódílatárum	Krokodilstränen weinen/vergießen	lágrimas de cocodrilo
hafa Damóklesarsverð yfir höfði sér	das Schwert von Damokles hängt/schwebt über jemandem	la espada de Damocles
sagt og gert	gesagt, getan	dicho y hecho
stinga höfðinu í sandinn	den Kopf in den Sand stecken	esconder la cabeza como el avestruz
trójuhestur	das trojanische Pferd	caballo de Troya
úlfur í sauðagæru	Wolf in Schafspelz	un lobo con piel de oveja
undantekning(in) frá reglunni	die Ausnahme von der Regel	La excepción de la regla
vita (sjá/finna) hvar skórinn krepptir (að)	wissen wo jemanden der Schuh drückt	cada uno sabe dónde le aprieta el zapato

4.1.3. Dæmi um orðasambönd úr mannkynssögu

Mörg orðasambönd tengjast atburðum úr mannkynssögunni allt frá fornum til nýrri tíma. Hér verður stiklað á stóru.

Orðasambandið *höggva á hnútinn* merkir „losa um erfiða stöðu með ákvörðun“. Á spænsku er sagt *cortar el nudo gordiano* („höggva á Gordionshnútinn“) og á þýsku *den Knoten durchschlagen/lösen*. Merking orðasambandanna í spænsku og þýsku er svipuð eða sú sama og í íslensku: „leysa mál af ákveðni og einurð“. Sagan á bak við orðasambandið er að hluta ævaforin grísk goðsaga. Geir Þórarinsson (2009) segir að því hafi verið spáð fyrir Frýgíumönnum að konungur þeirra kæmi í vagni:

Peir töldu spádóminn hafa ræst þegar Gordíós nokkurn bar að garði í vagni sínum. Gordíós var umsvifalaust gerður að konungi Frýgíumanna og nafni borgarinnar breytt í Gordíon. Hann á þá að hafa tileinkað Seifi vagninn sem æ síðan var að finna á háborg Gordíóns. Við vagninn var festur klafi með miklum hnút sem var talinn vera óleysanlegur.

Það var trú fólks að sá sem gæti leyst hnútinn mikla myndi ríkja yfir bæði Evrópu og Asíu. Þegar Alexander mikli kom til Gordionsborgar árið 333 f.Kr. var hann hvattur til að leysa hnútinn. Hann gerði sér

lítið fyrir, tók upp sverð sitt og hjó hann í sundur og leysti þar með (Geir Þórarinsson 2009).

Þekkt eru orð rómverska herforingjans Júlíusar Sesars, *kom, sá og sigraði*, sem hann notaði þegar hann lýsti sigri sínum í orustunni í Zela fyrir rómverska öldungaráðinu. Þetta orðasamband fyrirfinnst víða, t.d. í spænsku: *vine, vi y vencí* og á þýsku er það *ich kam, ich sah und ich siegte*, ég kom, ég sá og ég sigraði.

Orðasambandið *etwas kommt jemandem spanisch vor*, eitthvað kemur spánskt fyrir sjónir er frá tímum Karls 5. keisara hins Heilaga rómverska ríkis. Á sínum tíma var hann einnig krýndur konungur á Spáni og ríkti þar sem Karl 1. Við hirð hans í Norður Evrópu varð vart spænskra áhrifa og ýmislegt sem var spænskt komst í tísku enda lagði hinn nýkrýndi keisari sig í líma við að innleiða spænska siði við hirðina. Einnig urðu ýmsar spænskar vörur eftirsóttar og spænskur fatastíll komst í móð. Ýmislegt kom norðanmönnum undarlega fyrir sjónir af því sem var spænskt að uppruna og af því spratt orðasambandið að *etwas kommt jemandem spanisch vor*. Orðasambandið barst úr þýsku yfir í önnur tungumál eins og dönsku *det kommer mig spansk for* og þaðan yfir í íslensku. Orðasambandið merkir að ‚eitthvað komi undarlega fyrir sjónir‘ (Corbacho Sánchez 2012; Guðrún Kvaran 2003).

Hitta naglann á höfuðið, á þýsku *den Nagel auf den Kopf treffen* og spænsku *dar en el clavo*, er notað í merkingunni að ‚hafa á réttu að standa‘. Sú mynd sem kemur upp í huga fólks nú á dögum tengist hamri og nagla og má flokka sem alþýðuskýringu. Orðasambandið á sér hinsvegar aðra skýringu eins og Piirainen (2016; sjá einnig Dobrovolskij og Piirainen 2010, 83) bendir á þegar hún segir frá uppruna og sögu þess. Orðasambandið má rekja til riddara miðalda og bogfimi þeirra. Þegar keppt var í bogfimi var skotið á skotskífu sem var fest upp með nagla og var naglinn fyrir miðri skífunni. Bestu bogmennirnir hittu oft naglann á höfuðið á miðri skífunni. Ekki er vitað með vissu hvenær myndhverfingin breyttist, þ.e. sviptist frá bogfimi yfir í handverkstólin hamar og nagla. Má á það benda að í þýskum texta Martins Lúther frá 1541 er vísað í bogfimi: „das ein guter schütze den pflock odder nagel treffe“ (Piirainen 2016, 104). Orðasambandið *skjóta yfir markið*, á þýsku *übers Ziel hinausschießen* og spænsku *pasarse de la raya*, er af svipuðum toga og á rætur í textum frá miðöldum.

Orðasambandið *að vera með blátt blóð í æðum* má rekja til Spánar. Samkvæmt *Íslenskri nútímamálsorðabók* merkir orðasambandið ‚vera aðalsmaður eða konungborinn‘ (*ÍNO*). Þetta orðasamband fyrirfinnst í þýsku, *blaues Blut (in den Adern) haben*, og einnig í spænsku þar sem það á í rauninni uppruna sinn, *tener la sangre azul*. Sumir telja að það megi rekja til þess tíma er Márar réðu ríkjum á Íberíuskaganum (711–1492) (García Sánchez 2011). Blátt blóð vísaði til þeirra sem voru af hreinum kastillískum ættum, þ.e. ekki með blandað blóð í æðum. Ýmsar kenningar um uppruna orðasambandsins hafa skotið upp kollinum í tímans rás. Meðal annars sú sem finna má í orðabók Oxford (*OED* 1989): „*blue blood*: [. . .] the expression probably originated in the blueness of the veins of people of fair complexion as compared with those of dark skin“. García Sánchez (2011) bendir hinsvegar á að samkvæmt rannsóknum Eugenio Coseriu muni hér líklegast vera á ferðinni röng þýðing á setningu úr texta eftir rómverska sagnfræðinginn Tacitus (56–um 120 e.Kr.). Spænskir húmanistar munu hafa þýtt setninguna *caelesti sanguine ortam* rangt þar sem *celestial* ‚himneskt‘ og *celeste* eru samheiti í spænsku en seinna lýsingarorðið er alla jafna notað yfir lit himinsins: *azul celeste* eða ‚himinblár‘ og í þýðingu Carlos Coloma frá 1629 varð úr *blátt blóð* í stað *af himneskum uppruna* (García Sánchez 2011, 52–54).

Armur laganna er útskýrt sem ‚lögreglan‘ í *Íslenskri nútímamálsorðabók* (*ÍNO*). Í *Íslensku orðaneti* er samheiti orðasambandsins *armur réttvísinnar* (*ÍOnet*). Þetta orðasamband er til í þýsku, *der lange Arm des Gesetzes*, og spænsku, *el brazo largo de la ley*. Svipað orðasamband kemur fyrir í verki Óvíds, „*Epistulae Heroidum*“. Í bréfi til Parísar skrifar Helena „*An nescias longas regibus esse manus?*“ eða ‚vissir þú ekki að konungar hafa langa arma?‘. Svipaða setningu er að finna í *Adagia*, verki Erasmusar frá Rotterdam, en þar stendur skrifað „*Longae regum manus*“ ‚konungar hafa langa arma‘. Ekki er ólíklegt að orðasambandið hafi borist yfir í önnur málsamfélög í verki Erasmusar (Piirainen 2016, 87). Dæmi um markverð orðasambönd og fleyg orð má sjá hér að neðan í Töflu 3.

Tafla 3. Dæmi um orðasambönd úr mannkynssögunni.

Íslenska	Þýska	Spænska
egg Kólumbusar	das Ei von Kolumbus	el huevo de Colón
hún snýst nú samt!	Und sie bewegt sich doch!	Y sin embargo, se mueve
kom, sá og sigraði	ich kam, ich sah, ich siegte	vine, vi, vencé
koma spánskt fyrir sjónir	spanisch vorkommen	---
Róm var ekki byggð á einum degi	Rom wurde nicht an einem Tag erbaut	Roma no se hizo en un día
nafli alheimsins	der Nabel der Welt	el ombligo del mundo
armur laganna	der lange Arm des Gesetzes	el largo brazo de la ley
vera með blátt blóð (í æðum)	blaues Blut (in den Adern) haben	tener la sangre azul
hitta naglann á höfuðið	den Nagel auf den Kopf treffen	dar en el clavo
stjórna með harðri hendi	mit eiserner Hand/Faust regieren	gobernar con mano de hierro
taka við stjórnartaumunum (halda um stjórnartaumana)	die Zügel (fest) in die Hand nehmen	tomar/llevar las riendas (en la mano)

4.1.4. Dæmi um orðasambönd úr bókmenntatextum, þjóðsögum og ævintýrum

Undir þessum lið finnast menningarbundin orðasambönd sem má rekja til þekkra bókmenntaverka eða þjóðsagna og ævintýra sem hafa verið þýdd á ótal tungumál. Hér, eins og í fyrri tilvikum, liggur til grundvallar ákveðin þekking á bókmennta-, ævintýra- og þjóðsagnaarfi veraldar sem gerir málnotanda kleift að túlka orðasambandið í ræðu og riti. Dobrovól'skij og Piirainen (2018) nefna í þessu tilfelli eftirfarandi dæmi á ensku: *to keep the wolf from the door*. Hér er án efa vísun í ævintýrið um Úlfinn og kiðlingana sjö. Kiðlingunum hafði verið uppálagt að opna ekki dyrnar að heimilinu því ef úlfurinn kæmist inn væri hætta á ferðum. Merking orðasambandsins á íslensku er að ‚bægja frá aðstedjandi þrengingum eða hættu‘ (ÍNO).

Í myrkri eru allir kettir gráir er á þýsku *Bei Nacht sind alle Katzen grau* (‘að nóttu eru allir kettir gráir’) og á spænsku *de noche, todos los gatos son pardos* (‘að nóttu eru allir kettir dökkir’). Hér er á ferðinni spænskt

orðasamband sem kemur fyrst fyrir í skáldsögunni *Don Kíkóta* (öðrum hluta frá 1615) eftir Miguel de Cervantes (CVC). Merking þess í flestum tungumálum er að ‚allt lítur eins út í myrkruni‘ og að ‚ekki sé hægt að greina útlit og galla einhvers í myrkri‘ (ÍNO).

Annað orðasamband úr spænskum bókmenntum er *að berjast við vindmyllur* en því til grundvallar er saga úr *Don Kíkóta* þar sem segir frá riddaranum sjónumhrygga leggja til atlögu við vindmyllur sem hann hélt vera tröll. *Gegen Windmühlen kämpfen* er sömu merkingar í þýsku og í íslensku. Á spænsku er sagt *luchar contra molinos de viento*.

Orðasambönd úr Grimmsævintýrum eru t.d. *eitthvað er eins og að leita að nál í heystakki* sem fengið er úr sögunni um heimska Hans. Í þýsku er sagt *die Nadel im Heubaufen suchen* og á spænsku er *buscar una aguja en un pajar*. Merking orðasambandsins í þessum málum er: ‚leita að einhverju sem er mjög erfitt að finna‘. Sagan er um ungan mann og óttalegan aulaskap hans. Að morgni dags kveður hann móður sína og heldur í heimsókn til kærustunnar. Kærastan gefur honum ýmsar gjafir í þessum heimsóknum. Í fyrstu heimsókninni færir hún honum nál sem hann stingur í heystakk. Þegar móðir hans innir hann eftir heimsókninni segist Hans hafa fengið nál að gjöf og útskýrir jafnframt hvað hann gerði við hana. Móðir hans bregst ókát við og segir að hann hefði átt að stinga henni í ermi skyrту sinnar. Næstu gjöf, hníf, stingur hann í ermina og enn bregst móðir hans ókvæða við yfir heimsku sonar síns. Þannig gengur þetta koll af kolli uns Hans að lokum tapar kærustunni. Dobrovol'skij og Piirainen (2018) telja að þetta orðasamband tengist ýmsum frásögnum og sögum sem voru þekktar á fornum tímum og á miðöldum.

Orðasambandið *vera eins og lifandi lík* er á þýsku *wie eine lebende Leiche aussehen* og á spænsku *parecer un muerto viviente* og merkir ‚líta illa út‘, ‚vera fögur og fár‘, ‚vera nær dauða en lífi‘ (Piirainen 2016, 628). Ekki er vitað neitt með vissu um uppruna þess en í þýsku kemur það fyrst fyrir í verki Friedrichs Schiller frá 18. öld, *Briefe über Don Carlos. Dritter Brief*. Svipað orðasamband er í leikriti eftir Leo Tolstoy sem kom út á rússnesku um 1900 og síðar á ensku undir heitinu „The Living Corpse“. Piirainen bendir á að Sófókles noti áþekkt orðasamband alllöngu áður, eða í harmleiknum *Antígónu* sem er frá um 441 f.Kr. (Piirainen 2016, 628). Dæmi um orðasambönd úr ýmsum sögum og bókmenntatextum má sjá í Töflu 4.

Tafla 4. Dæmi um orðasambönd úr bókmenntatextum, þjóðsögum og ævintýrum.

Íslenska	Þýska	Spænska
berjast við vindmyllur	gegen Windmühlen kämpfen	luchar contra los molinos de viento
eins og ffill í postulínsbúð	wie ein Elefant im Porzellanladen	como un elefante en una cacharrería
í myrkri eru allir kettir gráir	bei Nacht sind alle Katzen grau	de noche todos los gatos son pardos
leita að nál í heystakki	die Nadel im Heuhaufen suchen	buscar una aguja en un pajar
litli ljóti andarunginn	das hässliche Entlein	el patito feo
selja skinnið áður en björninn er unninn	das Fell verteilen, bevor der Bär erlegt ist	vender la piel del oso antes de cazarlo
sjömlnaskór	Siebenmeilenstiefeln	las botas de siete leguas
skreyta sig með stolnum fjöðrum	sich mit fremden Federn schmücken	adornarse con plumas ajenas
vera eins og lifandi lík	wie eine lebende Leiche aussehen	parecer un muerto viviente

4.1.5. Orðasambönd úr ýmsum áttum

Í mörgum Evrópumálum fyrirfinnast svipuð orðasambönd af ýmsum sviðum og hafa þau í mörgum tilfellum borist mál úr máli, eru svokallaðar tökuþýðingar. Áður fyrr bárust orðasambönd milli mála í þýddum textum. Með tilkomu nýrra miðla berast þau nú á dögum mun hraðar á milli málsvæða eins og mörg nýleg orðasambönd eru til vitnis um. Hér má nefna að í íslensku, þýsku og spænsku *fá* menn *grænt ljós* eða *leyfi til einhvers* (*ÍNO*). Í þýsku er sagt *jemandem grünes Licht geben* og á spænsku *dar a alguien luz verde*. Orðasambandið má rekja til notkunar ljósa til að stýra umferð járnbrautarlesta á 18. öld og síðar bílaumferð.

Annað orðasamband sem tengist nýrri tækniöld er *að blaða batteríin* í merkingunni ‚safna kröftum og orku‘ (*ÍOnet*) sem á þýsku er *seine Batterie (wieder) aufladen* og spænsku *cargar alguien las pilas (DLE)*. Þetta orðasamband er rakið til Winstons Churchill sem í bréfi frá 1921 skrifaði: „and recharging your batteries“ (Piirainen 2016, 175).

Ekki er vitað neitt með vissu um uppruna orðasambandsins *kaldhæðni örlaganna* ‚gráglettni örlaganna‘. Það er talið koma fyrst fyrir í textum frá 20. öld. Á þýsku er sagt *die Ironie des Schicksals* og á

spænsku *la ironía del destino*. Örlög manna eru að margra mati *skrifuð í stjörnunum* og gjarnan haft á orði *að eitthvað stendur/standi í stjörnunum*, 'örlög manna eru ráðin'. Orðasambandið fyrirfinnst í þýsku, *das steht in den Sternen (geschrieben)*, og spænsku, *estar escrito en las estrellas*.

Mörgum verður það á að *grafa sér sína eigin gröf*, það er að segja að 'grafa undan eigin hagsmunum, skemma fyrir sjálfum sér' (ÍNO). Áður fyrr var merking orðasambandsins þrengri og var notað yfir það að 'skaða sjálfan sig með ofáti' og kemur fyrir í þeirri merkingu í enskum textum frá 16. og 17. öld. Í þýsku eru til tvö afbrigði af orðasambandinu; hið fyrra er *sich selbst sein Grab graben* 'grafa sér sína eigin gröf' og hið síðara *sein eigenes Grab schaufeln* 'moka sína eigin gröf'. Í spænsku er sagt *cavar su propia tumbalfosa* 'grafa sér sína eigin gröf' (DiLEA).

Elstu dæmi um orðasambandið *að borga í sömu mynt* í evrópskum tungumálum eru frá miðöldum. Það virðist eiga rætur í viðskiptalífi miðalda þegar mynt var í umferð og hvert umdæmi eða hérað sló sína eigin mynt. Þessi mynt var einungis í gildi í viðkomandi héraði en það gerði kaupmönnum oft erfitt fyrir að borga í eigin eða sömu mynt. *Að gjalda í sömu mynt* merkir 'endurgjalda með sambærilegum hætti' (ÍNO). Í þýsku er orðasambandið *jemandem in/mit gleicher Münze beimzahlen* og á spænsku er sagt *pagar a alguien con/en la misma moneda* (DLE). Hver mynt á sér tvær hliðar eins og orðasamböndin *tvær hliðar á peningi* og *hin hliðin á peningnum* skírskota til. Þau eru sennilega sömu eða svipaðrar merkingar og *tvær hliðar á málinu* og *hin hliðin á málinu* (Málfarsbankinn). Orðasambandið á sér samsvörun í mörgum Evrópumálum, m.a. þýsku, *die Kebrseite der Medaille*, og spænsku, *la otra cara de la medalla* en í spænsku er einnig sagt *el reverso de la medalla* og *el revés de la medalla* (DLE).

Skömmu áður en stormur skellur á er jafnan kyrrt veður eins og athugulir veðurspekúlantar fyrr á tímum tóku eftir. Orðasambandið *lognið á undan storminum* er einnig notað í yfirfærðri merkingu um samband milli fólks. Piirainen (2016) segir að sambærileg orðasambönd komi fyrir í heimildum frá miðöldum, m.a. þýskum textum en þar er sagt *die Ruhe/die Stille vor dem Sturm*. Orðasambandið fyrirfinnst í spænsku og er *la calma antes de la tempestad* en einnig er sagt *la calma que precede a la tormenta*.

Ísland er gjarnan staðsett *á hjara veraldar* eða ‚á endimörkum mannabyggðar‘ (ÍNO). Klassískir höfundar eins og Cícero talar um *in ultimas terras* í textum sínum þegar afskekktar byggðir ber á góma. *Hjari veraldar* kemur einnig fyrir í ýmsum þjóðsögum, goðsögum og ævintýrum. Orðasambandið á sér samsvörun í mörgum evrópskum tungumálum, m.a. þýsku: *am Ende der Welt*, og spænsku: *en el lal fin del mundo* (DLE).

Mörgum standa ýmsar dyr opnar þó að sumir skelli hurðinni í andlitið á fólki. Hér eru á ferðinni orðasambönd sem koma fyrir í mörgum Evrópumálum í svipaðri eða sömu merkingu. *Einbverjum standa allar dyr opnar* merkir að ‚hafa alla möguleika, að ekkert muni hindra viðkomandi í að ná settu marki‘ (ÍNO). Í þýsku er sagt *jemandem steben alle Türen offen* og á spænsku *tener todas las puertas abiertas*. Hins vegar kemur fyrir að fólk komi að lokuðum dyrum eða að *hurðinni* sé í óeiginlegri merkingu *skellt í andlitið á fólki* í merkingunni að ‚aðili neiti að ræða við viðkomandi eða honum hafnað á harkalegan hátt‘ (ÍNO). Í þýsku er orðasambandið sambærilegt: *jemandem die Tür vor der Nase zugeschlagen* eða ‚skella hurðinni á nefið á einhverjum‘. Í spænsku er sagt *dar a alguien con la puerta en las narices*. Hér eins og í þýsku er hurðinni skellt á nef einhvers (Piirainen 2011, 2016; Dobrovol’skij og Piirainen 2010; 2018).

Að lokum má nefna orðasambandið *taka hatt sinn*, eða *taka hatt sinn og staf*, sem sprettur af þeirri venju karlmanna áður fyrr að vera með hatt á höfði sem þeir tóku ofan þegar gengið var inn fyrir dyr. Þegar þeir svo fóru út tóku þeir hatt sinn og settu upp. Nú hefur orðasambandið fengið yfirfærðu merkinguna að ‚pakka saman; taka [saman] þjónkur sínar‘ (Íonet). Á þýsku er til eftirfarandi samsvarandi orðasamband *den Hut nehmen* sem merkir ‚að hætta, segja upp störfum‘. Í spænsku er sagt *tomar el sombrero* ‚fara, gera sig líklegan til að fara‘ (DLE). Orðasambandið var upphaflega einungis notað um karlmenn þar sem konum bar ekki að taka niður hatta sína innandyra (sjá Dobrovol’skij og Piirainen 2006, 37).

4.2. Sértæk menningarbundin orðasambönd í íslensku, þýsku og spænsku

Í þessum kafla eru sértæk menningarbundin orðasambönd til umfjöllunar. Fyrst er fjallað um orðasambönd í germönsku tungumál-

unum íslensku og þýsku en síðan fjallað um þau spænsku sem eru af rómönskum uppruna. Í hverju tungumáli voru valin þrjú svið og dæmigerð orðasambönd sem tilheyra þeim reifuð.

4.2.1. Dæmi um menningarbundin orðasambönd í íslensku

Í þessum kafla verður í stuttu máli fjallað um menningarbundin orðasambönd í íslensku. Sviðin sem urðu fyrir valinu lúta að sjómannamáli, íslenska hestinum og hestamennsku og að lokum beinast sjónir að orðasamböndum sem eiga uppruna sinn í veðurfari.

Það er ekki að undra að í íslensku eru til fjöldi fastra orðasambanda sem eiga uppruna sinn í sjómennsku, fiskveiðum, siglingum og sjómannamáli. Á flestum stöðum landsins hefur verið stunduð sjósókn og því margir sem þekkja til vinnubragða sem henni tengjast. Þá eru einnig flestir þéttbýlisstaðir ekki langt frá sjó og sjósókn mikill hluti af íslenskri atvinnusögu. Föst orðasambönd úr sjómannamáli eru mun fleiri í íslensku en t.d. í þýsku (Sverrisdóttir, 1987). Þó að þessi föstu orðasambönd séu mjög algeng í íslensku er uppruni þeirra ekki öllum málnotendum kunnugur. Oft heyrast *að einhver sé komin(n) á fremsta blunn með eitthvað* ,eitthvað vofir yfir, er í þann veginn að gerast'. Hlunnur er tré eða bein sem skotið var undir skip þegar það var dregið á land. (Jón G. Friðjónsson 2006). Þegar ,einhver verður fyrir óvæntu happi' þá *bleypur á snærið hjá einhverjum*. Þarna er vísað til snæris sem færi og er líkingin dregin af fiskveiðum. Þegar illa gengur er unnt að *verða fyrir skakkaföllum/skakkafalli*. Skakkafall er annað tveggja ,alda sem fellur á ská á skip eða bát' eða við landingu skips þegar straumhart er' (Jón Friðjónsson 2006).

Húfur í orðasambandinu *vera heill á húfi* merkir skip og merking þess er ,vera óskaddaður', *e-ð/mikið er í húfi* ,það veltur á miklu'. Þegar *babb kemur í bátinn* þá ,bjátar á eða hindrun kemur upp'. Babb er þarna í merkingunni ,hindrun, truflun'. Þegar *eitthvað dregst úr hömlu* ,dregst það á langinn, eða eitthvað fer úrskaiðis'. Hamla er lykka sem heldur árinni við háinn og það veldur töf við róðurinn ef árin rennur út úr henni. Þegar *sleginn er varnagli* er hafður ,fyrirvari á e-u' en varnagli er auknagli sem rekinn er í dragreipi seglskipa. *Að veralsitja í fyrirrúmi* merkir að ,eitthvað hefur forgang, er mikilvægara en annað'. Fyrirrum er framarlega á skipum og vísar líkingin því til þess hvernig mönnum er raðað niður í skipum.

Hlutur í merkingunni ‚aflahlutur‘ kemur fyrir í fjölmörgum orðasamböndum, s.s. *bera hærri blut frá borði* ‚sigrá, hafa betur‘, *bera skarðan blut frá borði* ‚bera lítið úr bítum‘ og *lata eitthvað liggja á milli bluta* ‚ekki taka afstöðu til‘. Ár eða árar koma fyrir í ýmsum orðasamböndum t.d. *leggja árar í bát* ‚gefast upp‘ en sú líking er dregin af því þegar árar eru lagðar í bátinn að loknum róðri. *Leggjast á árarnar með einhverjum* vísar til þess að einhverjum er hjálpað við róðurinn og merkir ‚hjalpa eða liðsinna‘.

Fjöldi orðasambanda inniheldur orðið *bátur* svo sem *vera einn á báti*, *vera á sama báti*, *vera klár í bátana*, *rugga bátnum* og *gefa eitthvað upp á bátinn* svo nokkur dæmi séu nefnd sem ekki þarfnast nánari skýringar við.

Svo sem vitað er hefur íslenski hesturinn verið hinn þarfasti þjónn í íslensku samfélagi í tímans rás. Allt frá landnámi hefur hann gert Íslendingunum kleift að fara um landið ásamt því að flytja vörur og varning á milli staða. Mörg orðasambönd sem tengjast hestinum og hestamennsku hafa orðið til bæði fyrr og nú og má segja að slík orðasambönd séu sérkennandi fyrir íslenska tungu. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum þeirra.

Gjarnan er sagt að *einhver ríði ekki feitum bestu frá einhverju* þegar ‚ein hver fer ekki vel út úr viðskiptum, eða fær lítið út úr þeim‘ (*ÍNO*) eða ‚ein hver kemst ekki vel frá einhverju‘. Þess skal getið að áður fyrr var feitur hestur tákn velmegunar. Annað orðasamband sem er allmikið notað í daglegu máli er *ríða á vaðið*. Merking þess er ‚að vera fyrstur til einhvers‘. Annað orðasamband sem tengist því sem er til umfjöllunar er *að hafa vaðið fyrir neðan sig* og merkir ‚að vera varkár‘. Í báðum tilvikum er vísað til þess að farið sé ríðandi yfir á eða fljót. Sá sem ríður fyrstur á vaðið er sá sem fer fremstur yfir þar sem virðist vera greið leið yfir vatnsfall.

Áður fyrr fóru hestalestir um landið með varning og farangur en einnig voru hestar notaðir til að koma heyi í hlöðu. Á langri göngu gátu hestar helst úr lestinni. Nú á dögum er orðasambandið *beltast úr lestinni* notað þegar ‚ein hver hættir eða hverfur úr hópnum‘ (*ÍNO*).

Orðasambandið *ríða ekki við einteyming* merkir að ‚eitthvað sé engu líkt‘, og ‚að eitthvað sé stórt og mjög mikið‘ (*ÍNO*). Hér er vísað til þess er menn höfðu einfaldan taum í hesti öðru megin við hnakka er þeir ríðu við einteyming og var taumurinn yfirleitt heldur ómerki- legur miðað við venjuleg beisli (Guðrún Kvaran 2010).

Oft verður góður bestur úr göldnum fola merkir að ‚oft rætist úr unghesti‘. Þegar einhverjir eigast við, heyja keppni eða baráttu er gjarnan sagt að menn *leidi saman besta sína* (ÍNO). *Vera eins og danskur bestur* merkir að ‚vera við hestaheilsu eða mjög góða heilsu‘ (ÍOnet)

Veðrið er Íslendingum allajafna hugleikið og ber yfirleitt á góma þar sem tveir eða fleiri taka tal saman eða *ræða um veður og vind*, orðasamband sem merkir að spjalla um daginn og veginn. Ekki skal neinn undra að veðrið beri á góma þegar fólk hittist; þjóðin er háð veðri og hér á landi er *allra veðra von*, þ.e. að ‚búast má við ýmiss konar veðri og yfirleitt ekki góðu‘ (ÍNO). Mörg orðasambönd sem tengjast veðri hafa fengið yfirfærða merkingu eins og dæmin hér að neðan sýna. Í samræðum *láta* margir staðreyndir sem *vind um eyru þjóta*, þ.e. láta sem þeir heyri þær ekki. Viðmælendur þeirra *vita ekki hvaðan á þá stendur veðrið*, sem merkir að eitthvað ‚kemur þeim gjör-samlega á óvart‘, en þeir *gera ekki veður út af því*, með öðrum orðum ‚gera ekki mikið úr því‘, eða *svara út í veður og vind*, ‚svara út í hött‘. Ef einhverjum hefur orðið á í messunni og móðgað viðmælanda sinn má *biðja um gott veður*, eða að friður og sátt ríki. Önnur orðasambönd sem lúta að veðri eru *láta eitthvað í veðri vaka*, ‚gefa eitthvað í skyn‘, *hafa veður af einhverju*, ‚berast fréttir af einhverju‘ og *sækja í sig veðrið*, ‚eflast, styrkjast‘. Einnig má nefna að orðasambandið *fljótt skipast veður í lofti* er notað til að benda á að ‚hlutir geti breyst skyndilega og yfirleitt til hins verra‘ (ÍNO; ÍOnet).

4.2.2. Dæmi um menningarbundin orðasambönd í þýsku

Í þessum kafla verður sjónum beint að orðasamböndum sem sprottin eru úr menningu, staðháttum og réttarfari þýska málsvæðisins. Eftirfarandi flokkar urðu fyrir valinu: lífið á miðöldum, föst orðasambönd sem rekja má til annarra tungumála eða mállýskna og loks flokkurinn matur og matarmenning.

Mikill fjöldi fastra orðasambanda á rætur sínar að rekja til daglegs lífs, siða og venja miðalda en einnig réttarfarsins. Lífið við hirð fursta eða konunga í köstulum miðalda, lénskipulagið, riddara- og skjaldsveinar sem slegnir voru til riddara að ógleymdum burtreiðum geymast í mörgum orðasamböndum. Þá gátu refsingar og pyntingar komið við sögu. *Steinreich sein* ‚vera forríkur‘ vísar til þess að á mið-

öldum voru það einungis þeir efnameiri sem gátu reist hús úr steini, þeir efnaminni byggðu hús sín úr timbri eða leir. Þegar farið var að minnka í pyngjum fólks var sagt *auf den Hund gekommen* (merkir bókstaflega „koma niður á hundinn“) ‚ganga illa‘. Um tilurð orðasambandsins eru ýmsar tilgátur, m.a. að í stríðsrekstri hafi botn peningakista verið skreyttur með hundamyndum og þegar þær fóru að sjást fór efnahagurinn þverrandi. Einnig er bent á að í þýsku mállýskunni svabísku hafi heimanmundur verið geymdur í kistum, *Hund* sé í orðasambandinu ekki í merkingunni ‚hundur‘ heldur sé um atviksorðið *hunden* ‚neðst, niðri‘ að ræða svo nefndar séu tvær mögulegar skýringar. Staðreynd er hins vegar að orðið *Hund* ‚hundur‘ er notað í neikvæðri merkingu í ýmsum orðum eins og *Hundeleben* ‚hundalíf‘, *Hundewetter* ‚hundaveður‘, *hundemiide* ‚dauðþreyttur‘ (Röhrich 1982, 446).

Orðasambandið *für jemanden die Hand ins Feuer legen* (orðrétt ‚leggja hönd sína á eldinn fyrir einhvern“) ‚ábyrgjast einhvern‘, á uppruna sinn á miðöldum þegar menn urðu að leggja hendur sínar í eldinn til þess að sanna sakleysi sitt. Brenndust þeir ekki voru þeir saklausir (Röhrich 1982, 381).

Þegar eitthvað er *Gang nach Canossa* eiginlega ‚gangan til Canossa‘, eitthvað er erfitt fyrir einhvern, vera þrautarganga‘ er verið að vísa til þess atburðar árið 1077 þegar páfinn Gregoríus 7. bannfærði Hinrik 4. þar sem sá síðarnefndi hafði sett biskupa í embætti og þar með farið inn á starfssvið páfans. Hinrik 4. fór fótgangandi og berfættur til Canossa á Ítalíu til að biðja um fyrirgefningu og fá bannfæringunni aflétt (Röhrich 1982).

Orðtakið *etwas aus dem Steigreif reden/machen* er mikið notað í þýsku nútímamáli og merkir ‚gera eitthvað án undirbúnings‘. Orðtakið á rætur sínar að rekja til heitis á ístaði sem í fornháþýsku var ‚stégareif‘ og miðháþýsku ‚stégreif‘. *Reif* var hringur eða gjörð sem notuð var þegar stigið var á bak hesti, með breytingum á lögun ístaðsins breyttist heiti þess og er nú *Steigbügel*. Upphaflega merkti orðasambandið því það að ‚gera eitthvað án þess að þurfa að stíga af baki hesti‘ (Röhrich 1982, Sverrisdóttir 2012).

Að baki *etwas auf dem Kerbholz haben* (bókstaflega ‚vera með eitthvað á mælistokknum“) leynist ævaforin venja frá forsögulegum tíma sem fylgt var í viðskiptum þegar fært var til bókar hver skuldastaða

viðskiptamanna var eða hversu margar vinnustundir menn höfðu innt af hendi. *Kerbholz* (einnig *Kerbstock*) var nokkurs konar kefli eða mælistokkur úr tré þar sem merkt var við hver staða viðskipta á milli kaupanda og seljanda var. Rist var rauf á ákveðinn stað á stokknum því til staðfestingar. Sá sem var með mikið „auf dem Kerbholz“ skuldaði mikið. Nú merkir orðasambandið „að hafa eitthvað á samviskunni“ (Röhrich 1982, Sverrisdóttir 2012).

Etwas im Schilde führen (bókstaflega „vera með eitthvað á skildinum“) merkir að „hafa eitthvað slæmt í huga“. Á miðöldum áttu furstar og aðalsfjölskyldur sín merki sem skreytti skildi þeirra og hjálma. Það var ekki fyrr en komið var nálægt riddaranum sem unnt var að greina hvort um vin eða óvin var að ræða (Röhrich 1982). *Für jemanden eine Lanze brechen* („brjóta lensu sína fyrir einhvern“) „verja einhvern, koma til aðstoðar“. *Lanze* merkir „lensa“ og vísar til þess að í burtreiðum brutu riddarar lensu sína fyrir fursta eða konung sinn (Röhrich 1982).

In der Kreide stehen („upp á krít“) „skulda“. Á öldurhúsum miðalda voru krítartöflur þar sem merkt var við þá drykki sem drukknir voru og ekki var unnt að greiða fyrir strax. Nöfn þeirra sem skulduðu stóðu því á krítartöflunni þar til búið var að greiða skuldinar (Röhrich 1982).

Í þýsku fyrirfinnast föst orðasambönd sem eiga uppruna sinn í öðrum tungumálum, mállýskum eða ákveðnum málsniðum tungumálsins. Jiddíska er tungumál sem talað er af litlum hópi fólks í Evrópu en einnig Bandaríkjunum og Ísrael og stafróf jiddískunnar er hebreska stafrófið. Rætur þessa tungumáls er að finna á 9. og 10. öld. Hluti orðaforðans er þýskur og er töluvert um að föst orðasambönd í þýsku séu upprunnin í jiddísku og fylgja hér nokkur dæmi. *Schmiere stehen* merkir „standa vörð“ en *schmiere* merkir „vörður“ á jiddísku og vísar til þess að þegar þorparar voru að verki var einhver fenginn til að standa vörð og vara við. Ekki er að fullu ljóst hvaðan *es zieht wie Hechtsuppe* „það er mikill dragsúgur“ kemur; möguleg skýring er að hér sé á ferðinni jiddíska orðið *hech supha* sem merkir „mikill vindur, stormur“. *Hals- und Beinbruch* (orðrétt) „gangi þér vel“ er útrúsnúningur úr jiddísku *hatsloche un broche* (hazlachá = Glück; b'rache = Segen) og þýddi upprunalega „viel Glück“. *Hals- und Beinbruch*, orðrétt „háls- og fótbrott“, hefur fest sig í sessi sem ósk um að allt gangi vel, t.d. í skíðaferðum. Áramótakveðjan *Guten Rutch* („góða byrjun“) má

e.t.v. enn fremur rekja til jiddíska orðsins *rosch* í merkingunni ‚upphaf, byrjun‘, þó uppruninn sé að mati sumra fræðimanna óljós.

Fisimatenten machen ‚vitleysa, gera eitthvað af sér‘. Alþýðuskýring orðasambandsins vísar til frönsku *‚Visitez ma tente‘* sem talið var vera boð franskra hermanna til þýskra stúlkna um að heimsækja þá í tjöld sín. Þetta er þó af ýmsum fræðimönnum talið rangt og þeir telja líklegra að upphaflega hafi verið um *visae patentes* úr latínu að ræða (Röhrich 1982, 279).

Loks fylgir eitt fast orðasamband eða skammstöfun, *jud* ‚langt í burtu, í buskanum‘ sem upprunnið er í mállýsku frá Berlín og er stytting á *janz weit draußen*. *Janz* er berlíníska fyrir *ganz* ‚alveg‘.

Þjóðverjar eru mikil matarþjóð og þekktir fyrir pylsugerð sína, bjórbruggun og brauðgerð, svo nokkur dæmi séu nefnd. Nokkur föst orðasambönd fylgja hér sem tengjast á einn eða annan hátt mat.

Es geht um die Wurst er orðrétt ‚það snýst um pylsuna“ en merkir ‚vera mikilvægt‘. Orðasambandið á væntanlega rætur sínar að rekja til þess að á mannamótum og mörkuðum, þegar verið var að spreyta sig í ýmsum þrautum, var mjög oft *Wurst* ‚pylsa‘ í verðlaun. Verðlaunin í slíkum leikjum fólst sem sagt í því að hreppa pylsuna (Röhrich 1982, 1166).

Tomaten auf den Augen haben (orðrétt ‚vera með tómata á augunum“) merkir ‚vera heimskur‘. Upprunalega var orðasambandið skírskotun til þess að einhver var með bólgin augu af þreytu. Orðasambandið er fremur nýlegt í málinu og mikið notað af nemendum í skólum. (Röhrich 1982: 1081). Annað orðasamband sem inniheldur *Tomate* er *eine untreue Tomate sein* ‚vera óáreiðanlegur‘ á hins vegar uppruna sinn í því þegar tómatuappskeran brást á 19. öld (Röhrich 1982).

Viele Köche verderben den Brei eiginlega ‚margir kokkar eyðileggja grautinn‘, merkir að ‚gera eitthvað einn, ef of margir skipta sér af verður ekkert úr einhverju‘. Þarna er tilvísun í það að ef of margir skipta sér af eldamenskunni er hætta á því að hún mislukkist (Röhrich 1982). *Auch nur mit Wasser kochen* (bókstaflega ‚elda líka bara með vatni‘) þýðir ‚vera eins og hinir‘. Líkingin er dregin að því að hinir efnameiri nota vatn eins og þeir fátækari til eldamennsku.

Etwas ist nicht mein Bier (bókstaflega ‚eitthvað er ekki bjórin mann“) ‚e-ð kemur einhverjum ekki við‘. Væntanlega var *Birne* ‚pera‘ í merkingunni ‚hlutur‘ upphaflega í orðasambandinu en breyttist í

Bier ‚bjór‘ (redensarten-index). *Etwas ist nicht das Gelbe von Ei* (bókstaflega „vera ekki eggjaraudan“) ,ekki besti kosturinn‘. Í orðasambandinu er vísað til þess að eggjaraudan sé betri hluti eggisins (Röhrich 1982).

Jemandem reinen/klaren Wein einschenken (bókstaflega „gefa einhverjum tært vín“) ,segja sannleikann, koma heiðarlega fram‘. Orðtakið er frá miðöldum og til í bókmenntatextum (Röhrich 1982, 1133). Væntanlega er upphafið frá þeim tíma þegar óheiðarlegir vertar gripu stundum til þess ráðs að þynna vín með vatni eða ediki, en þeir heiðarlegu ekki.

An (bei) jemandem ist Hopfen und Malz verloren (merkir bókstaflega „hjá einhverjum er humall og malt glatað“) ,eitthvað er árangurslaust, vonlaust‘ má rekja til þess þegar verið var að brugga bjór. Í heimildum frá 9. öld eru humall og malt nefnd sem meginefni við bjórgerð. Hún gat þó oft verið erfið og ekki gefið að vel tækist til við að brugga bjórin. Þá gerðist það að *Hopfen* ‚humall‘ og *Malz* ‚malt‘ fóru í súginn. (Röhrich 1982).

Seinen Senf dazu geben (orðrétt „bæta sínu sinnepi við“) ,skipta sér af einhverju óumbeðinn‘. Á 17. öld voru krydd fátíð og sinnepið mjög dýrt. Orðasambandið vísar til þess að sumir kokkar/vertar tóku upp á því að bera fram sinnep með mat til að selja hann á hærra verði, en það passaði ekki með matnum og smakkaðist hann því illa.

Fasta orðasambandið *mit ihm/ibr ist nicht gut Kirschen essen* merkir eiginlega ‚það er ekki gott að borða kirsuber með einhverjum‘ vísar til þess að persóna sé erfið í umgengni. Kirsuber voru fátíð og dýr á miðöldum og ekki á allra færi að nálgast þau. Óboðnum gestum sem komu í garða þeirra sem þau áttu var vísað burt, steinum/kjörnum gjarnan hent í þá, því menn vildu ekki deila kirsuberjunum með þeim óboðnu (Röhrich 1982).

Á tilurð *alles in Butter* („allt í smjöri“) ‚allt í góðu lagi‘ eru mismunandi skýringar. Röhrich telur að orðasambandið megi rekja til þess tíma þegar smjör kom í stað ódýrrar fitu (182). Aðrir skýra rætur þess til þess hvernig dýr glös voru flutt á kerru frá Ítalíu til Þýskalands en oft brotnaði varan, og því var gripið til þess ráðs að flytja brothætta vöru í fljótandi smjöri sem harðnaði og varði vöruna meðan á flutningi stóð.

Etwas wie Sauerbier/saures Bier anbieten ‚reyna að koma einhverju út, reyna að losa sig við eitthvað‘. Orðasambandið vísar til þess hversu

erfitt er að selja ónýtan bjór, en fyrir á tímum kom oft fyrir að bjórbruggun misheppnaðist. Orðasambandið kemur fyrir í textum hjá Hans Sachs sem uppi var á 16. öld (Röhrich 1982).

4.2.3. Dæmi um menningarbundin orðasambönd í spænsku

Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum menningarbundnum orðasamböndum í spænsku. Fyrst verður litið á orðasambönd sem spretta af nautaati, þjóðaríþrótt Spánverja. Þá verður augum beint að ólífufólgu og ólífum en spænsk matargerð er óhugsandi án þessara hráefna. Síðan verður fjallað um orðasambönd sem tengjast hljóðfærum á Spáni og hér verður sjónum beint að gítar og kastaníttum.

Nautaati á sér allanga sögu í ýmsum löndum við Miðjarðarhafið. Á Spáni er venja að nautaatið fari fram síðdegis á sunnudögum eða á sérstökum helgidögum og hefst tímabilið yfirleitt í lok marsmánaðar eða um páskaleytið og lýkur að jafnaði í október. Nautaati er í augum Spánverja í senn hátíð og listviðburður sem fer yfirleitt fram í nautatshring þar sem nautabánar berjast við villt naut. Nautaatið tekur um tvær klukkustundir. Því er skipt í þrjá hluta og í hverjum hluta berst einn nautabani og samstarfsmenn hans við eitt naut. Aftíð deilist í þrjár lotur: í fyrstu fara lensuknapar til móts við nautið, þá koma örvasveinar en þeim er ætlað að koma stuttum fjaðurspjótum fyrir í herðakambi nautsins. Að lokum stígur sjálfur nautabaniinn inn í nautatshringinn með rauða dula og sverð sitt. Hans er að drepa nautið eftir að hafa egnt það og þreytt með rauðu dulunni. Takist nautabananum vel upp í viðureign sinni við nautið uppsker hann húrráhróp (*olé*) og annað eyra nautsins eða jafnvel bæði, og hafi hann staðið sig afburðavel þá bætist halinn við (Gunnar Þór Magnússon, 2009).

Nautaati er afar litrík hátíð og af ýmsu sem þar kemur fyrir hafa sprottið orðasambönd. Luque Durán og Manjón Pozas hafa tekið saman lista yfir orðasambönd sem eiga rætur í nautaati og skipta þau hundruðum. Má hér til að mynda nefna *cambiar de tercio* sem merkir bókstaflega að „skipta um lotu“ en yfirfærð merking er að ‚breyta um umræðuefni‘ og jafnvel ‚breyta um starfsvettvang‘. *Cortar orejas* er bókstaflega að „skera eyru af [nautinu]“ en er notað í merkingunni að ‚ganga vel í vinnu eða því sem e-r tekur sér fyrir hendur‘, ‚njóta vel-

gengni'. Orðasambandið *coger el toro por los cuernos*, sem merkir að 'taka mál í sínar hendur og leysa', 'leysa vandamál' en þýðir bókstaflega að „grípa um hornin á nautinu“, er alla jafna talið eiga uppruna í nautaati á Spáni. Piirainen (2012) nefnir að orðasambandið komi fyrir í textum frá miðöldum og hljóti fyrir vikið að eiga sér aðrar og eldri rætur. *Correr alguien como si un toro corriese tras él* merkir að 'hlaupa sem fætur toga' en bókstaflega þýðir orðasambandið það að „e-r hleypur eins og naut væri á hælum hans“ (Luque Durán og Manjón Pozas 1998b; Torres 1996; DiLEA).

Spánn hefur lengi verið og er enn einn helsti útflytjandi ólífúlu í heiminum. Í aldaraddir hefur ólífúlu verið notuð í matargerð í landinu og ólífur eru ómissandi hluti af matarmenningu landsmanna. Einnig hefur olían nýst í krem og ýmiss konar snyrtivörur, viðurinn í áhöld og eldivið. Ólífutré vaxa við Miðjarðarhafið og geta orðið ævafor. Ýmsar hefðir og hjátrú tengjast ólífutrjám á Spáni. Í Andalúsíu, Galísíuhéraði og Kastillu er það trú manna að ólífutrjágrein sem hefur verið blessað yfir á pálmasonnudegi verndi heimilið fyrir illum öndum. Á sumum stöðum í Andalúsíu telja menn að það sé vernd í því að hafa í buxnavasa sínum grein af ólífutré sem hefur verið blessað yfir. Einnig er víða hefð að brenna drumb af ólífutré á vetrarsólstöðum. Ef ólífúlu var spillt niður var það illt viti. Þá töldu menn að alls kyns iðrakveisu væri hægt að lækna með því að drekka mixtúru lagaða af soðnum laufblöðum af ólífutré og ólífúlu.

Mörg orðasambönd sem lúta að ólífutrénu og afurðum þess hafa orðið til í tímans rás. Má hér nefna nokkur dæmi: ólífúluþykir afbragðs góð við allskyns kvillum eins og þetta orðasamband vitnar um: *aceite de oliva, todo el mal quita* 'ólífúlu er allra meina bót'. Viður ólífutrésins þykir mjög þolgóður eins og hér segir: *ser más duro que un olivo* „vera harðari en ólífutré“. *Acudir como lechuzas al aceite* merkir bókstaflega „sækjast í olíuna eins og uglur“ og táknar 'græðgi'. *Distinguir el aceite del pingue* merkir 'að hafa góða dómgreind' en bókstafleg merking er að „greina á milli ólífúlu og flots“. Í flestum héruðum Spánar rjóða landsmenn brauð sín með ólífúlu einkum í suðurhluta landsins. Það sem fer vel saman er *llevarse como el pan y aceite* sem merkir „að koma vel saman“ eða „eiga vel saman“ en þýðir bókstaflega „að eiga eins vel saman og brauð og olía“. Merking orðasambandsins *ser como el aceite y el vinagre* er svipuð en bókstaflega

þýðir þetta að „vera eins og olía og edik (í salati)“ (Pamies og Tutaeva, 1995). *Tomar el olivo* merkir að ‚flýja‘ eða ‚komast undan‘ en getur einnig þýtt að ‚kveðja‘ eða ‚koma sér‘. Orðasambandið er einnig notað í nautaati í merkingunni að ‚stökkva í skjól‘ og vísar í það þegar nautabani eða aðstoðarmenn hans leita í skjól fyrir nautinu á bak við þar til gerðan vegg.

Hljóðfæri sem gjarnan eru tengd við Spán eru gítar og kastaníettur. Gítarinn barst til Spánar með málum fyrir mörgum öldum en hefur hinsvegar breyst í tímans rás bæði hvað varðar stærð og strengjafjölda. Hvað sem því líður þá er hann ómissandi þegar kemur að því að spila og dansa spænska þjóðdansa eins og flamenkó, fandangó, sevillanas o.fl. Einnig hafa Spánverjar átt afburðagóða klassíska gítarleikara. Allmörg orðasambönd í spænsku má tengja gítarnum. Hér má fyrst nefna *fiesta sin guitarra, ni es fiesta ni es nada* sem merkir ‚hátíð án gítars er engin hátíð og ekki neitt neitt“ þ.e. ‚án gítars er engin hátíð‘. Til að lýsa kæti einhvers er gjarnan sagt *como Mateo con la guitarra* ‚eins og Mateo með gítarinn sinn‘. *Venir como guitarra en un entierro* er notað þegar bent er á að eitthvað sé óviðeigandi; orðasambandið þýðir bókstaflega ‚koma glaður og kátur eins og gítar í jarðarför‘. Þegar talað er um að einhver sé í góðu eða vondu skapi er sagt *estar bien/mal templada la guitarra* það er, gítarinn er annaðhvort vel eða illa stilltur. *Ser buena guitarra* merkir að ‚vera út-smoginn eða loddari‘ en bókstafleg merking orðasambandsins er ‚vera góður gítar‘. Orðasambandið *estar una cosa puesta a la guitarra* þýðir að ‚eitthvað sé vel gert“ á einhverju sviði, t.d. í listum eða tísku (DLE; García-Page 2020).

Annað þekkt hljóðfæri á Spáni eru kastaníettarnar. Hér er á ferðinni ásláttarhljóðfæri úr tré sem líkist tveimur skeljum bundnum saman með bandi, og fellur í lófa þess sem slær taktinn með því að smella þeim saman. Kastaníettarnar eru notaðar með flamenkó og öðrum spænskum þjóðdönsum eins og sevillanas, fandango, jota aragonesa o.fl. Óhætt er að segja að þær hafi verið hluti af spænskum menningararfi frá alda öðli. Mörg orðasambönd tengjast þessu ásláttarhljóðfæri og má sem dæmi nefna *estar alegre como unas castañuelas* sem merkir að ‚vera kátur og glaður eins og kastaníettur‘ og er dregið af skellunum frá hljóðfærinu en þeir eru glaðværir og gáskafullir. Í sömu merkingu er orðasambandið *hebeco unas castañuelas*.

Annað orðasamband er *de castañuela y pandereta*, bókstaflega „kastaníttur og tambúrína“, merkir að ‚e-ð sé dæmigert‘ eða staðalímynd sem tengist spænskri menningu, siðum og hefðum. *De castañuela* er notað í merkingunni ‚lít alvarlegur‘ og ‚yfirmáta yfirborðskennður‘ (DHLE). *No venir el son con la castañeta* er sagt til að benda á ósamræmi eða ósamkvæmni í orðum eða athöfnum og *caridad con trompeta no vale una castañeta* er bókstaflega „kærleiksverk með lúðrablæstri er ekki kastaníttu virði“, merkir að „kærleiksverk eru einskis virði ef viðkomandi stærir sig af þeim“, þ.e. básúnar þau út.

5. Lokaorð

Í þessari grein var fjallað um föst orðasambönd sem m.a. endurspegla menningu, staðhætti og þjóðlíf þjóða og málsvæða. Umfjöllunarefnið voru föst orðasambönd í íslensku, spænsku og þýsku sem kallast algild þar sem unnt er að rekja þau til sameiginlegs uppruna. Þessi sameiginlegi uppruni getur verið af ýmsum toga eins og fram hefur komið. Fleg orð, bókmenntatextar, þjóðsögur og ævintýri að ógleymdri Biblíunni gegna þar miklu hlutverki. Föst orðasambönd eiga enn fremur oft rætur sínar að rekja til sögulegra atburða og þýðinga. Þessi algildu orðasambönd má flokka í nokkra undirflokkar og var í greininni stuðst við flokkun helstu fræðimanna í orðasambandafræði að því leyti. Þá var einnig litið til sérstakra fastra orðasambanda í tungumálunum þremur. Í íslensku urðu sjómannamál, hestamennska og veðurfar. Í þessum orðasamböndum endurspeglast vel staðhættir og atvinna á Íslandi. Nautaat, ólífuoalúgerð og tónlist eru uppspretta nokkurra fastra spænskra orðasambanda og var því fjallað um sértæk spænsk orðasambönd af þessum sviðum. Hvað sértæk þýsk orðasambönd varðar eiga föst orðasambönd uppruna á miðöldum, í mállýskum eða sérstökum málsniðum þýskunnar og í matarmenningu fyrir valinu. Vert er að taka fram að oftar en ekki er erfiðara að skýra frá uppruna sértæku orðasambandanna, þar sem uppruninn er oft meira á reiki en hjá þeim algildu. Í sértæku föstu orðasamböndunum koma sérkenni og sérstaða menningar hvers málsvæðis glögglega í ljós. Ekki var um tæmandi umfjöllun um algild og sértæk orðasambönd í íslensku, spænsku og þýsku að ræða enda ljóst að menning endurspeglast í nær öllum föstum orðasamböndum

tungumálanna þriggja. Í greininni var gefin nasasjón af því hversu víðfeðmt sviðið er og ljóst að í fraseólógíu er margt sem mætti rannsaka nánar, ekki hvað síst með tilliti til samanburðar á íslensku og öðrum tungumálum.

HEIMILDIR

- Arnar Árnason. 2003. Hvað er menning? *Vísindavefurinn*, <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=3156>
- . 2015. *Phraseologie. Eine Einführung am Beispiel des Deutschen*. Berlín: Erich Schmidt Verlag, 5. útg.
- Castillo Carballo, María Auxiliadora. 2003. „Conocimiento cultural en la adquisición de la L2: la fraseología“. Í *Actas del XIII Congreso Internacional de la Asociación para la Enseñanza del Español como Lengua Extranjera, ASELE*, ritstýrt af Manuel Pérez Gutiérrez og José Coloma Maestre, 209–216. *Centro virtual Cervantes*.
- Corbacho Sánchez, Alfonso. 2012. „Spanien in der deutschen Phraseologie. Ausgewählte Phraseologismen und ihre Übersetzung ins Spanische“. Í *Aspects of Literary Translation: Building Linguistic and Cultural Bridge in Past and Present*, ritstýrt af Eva Parra Membrives, Miguel Angel García Peinado, 355–372. Tübingen: Narr-Verlag.
- Corpas Pastor, Gloria. 1997. *Manual de fraseología española*. Madrid: Gredos.
- . 2003. *Diez años de investigación en fraseología: análisis sintáctico-semántico, contrastivos y traductológicos*. Frankfurt am Main/Madrid: Iberoamericana-Vervuert.
- Dobrovolskij, Dimitri og Elisabeth Piirainen. 2000. „Sobre los símbolos: aspectos cognitivos y culturales del lenguaje figurativo“. Í *Trabajos de lexicología y fraseología contrastivas* ritstýrt af Anotnio Pamies Bertrán og Juan de Dios Luque Durán, 29–54. Granada: Método Ediciones/Granada Lingüística.
- . 2006. „Cultural Knowledge and Idioms“. *IJES, International Journal of English Studies*, 6, 1: 27–47 https://www.academia.edu/50158424/Cultural_knowledge_and_idioms
- . 2009. *Zur Theorie der Phraseologie. Kognitive und kulturelle Aspekte*. Tübingen: Stauffenburg.
- . 2010. „Idioms: Motivation and Etymology *Yearbook of Phraseology* 1: 73–96.
- . 2018. „Conventional Figurative Language Theory and Idiom Motivation“. *De Gruyter Mouton* 9: 5–30.
- Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir. 2021. „Kurz und bündig, raso y corto eða stutt og laggott. Um orðapör í þýsku, spænsku og íslensku“. *Milli mála* 13, 115–140.
- . 2022. „Hönd í hönd, mano a mano, Hand in Hand. Enn og aftur að orðapörum“. *Milli mála* 14, 3860.
- Fundación para la Difusión de la Lengua y Cultura Española. *Dichos y refranes. Expresiones populares*. Yo me lavo las manos - Dichos y refranes - Expresiones populares - Fundación para la Difusión de la Lengua y la Cultura Española (fundacionlengua.com)
- García-Page, Mario. 2008. *Introducción a la fraseología española. Estudio de las locuciones*. Barcelona: Anthropos.

- García-Page, Mario. 2020. „Locuciones españolas con nombre de instrumento musical“. *Langue(s) & Parole* 5: 111–134.
- García Sánchez, Jairo Javier. 2011. „Sangre azul, calco semántico y etimológico. Desarrollo de una idea de Eugenio Coseriu“. *Revista Española de Lingüística* 4(1): 45–58.
- Gauti Sigþórsson. 2006. „Hvað merkir menningararfleifð?“ *Vísindavefurinn*, <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5531>
- Geir P. Þórarinnsson. 2009. „Hvað var Gordíons-hnúturinn?“ *Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=54206>
- . 2005. Hvernig og hvers vegna var Trójustríðið háð? *Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5323>
- Grimm. 1991. *Kinder- und Hausmärchen*. Darmstadt: Wissenschaftliche Buchgesellschaft.
- Guðrún Kvaran. 2003. „Af hverju segja menn að eitthvað „komi spáskt fyrir sjónir“?“ *Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=3724>
- . 2010. „Hvað merkir að ríða við einþeyming?“ *Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=57490>
- Gunnar Þór Magnússon. 2009. „Hvernig fer nautaat fram?“ *Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=25385>
- Hið íslenska biblíufélag. *Biblía 21. aldar*. <https://biblian.is/>
- Inga Þóra Pálsdóttir. 2023. „Vinumarkaðurinn Akkilesarhæll Íslands“. https://www.mbl.is/frettit/innlent/2023/03/30/vinumarkadurinn_akkilesarhæll_islands/
- Jón Gunnar Þorsteinsson. 2003. „Hver var Akkilles?“ *Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=3633>.
- Luque Durán, Juan de Dios og Francisco José Manjón Pozas. 1998a. „Fraseología, metáfora y lenguaje taurino“. Í *Léxico y fraseología* ritstýrt af Luque Durán, Juan de Dios og Pamies Bertrán, Antonio 43–70. Granada: Método Ediciones.
- . 1998b. „Tipología léxica y tipología fraseológica: universales y particulares.“ Í *Léxico y fraseología* ritstýrt af Juan de Dios Luque Durán og Antonio Pamies Bertrán, 139–153. Granada: Método Ediciones.
- Luque Nadal, Lucía. 2009. „Los culturemas: ¿unidades lingüísticas, ideológicas o culturales?“ *Language Design* 11: 93–120.
- Málfarsbankinn. <https://www.ms.is/malshaettir-og-ordtok>
- Oddný G. Sverrisdóttir. 1987. *Land in Sicht. Eine kontrastive Untersuchung deutscher und isländischer Redensarten aus der Seemannssprache*. Frankfurt am Main/Bern/New York/Paris: Peter Lang.
- . 2009. „Orð til taks. Af eiginleikum og flokkun fastra orðasambanda“. *Milli mála* 1, 149–172.
- . 2012. „Ein stök orð eða steingervingar tungumálsins. Nokkur stakyrði í föstum orðasamböndum í þýsku“. *Milli mála* 4: 179–192.
- Pamies, Antonio og Kamilla Tutáeva. 1995. „El árbol como referente linguo-cultural y su huella fraseo-paremiológica.“ Í *La fraseografía del siglo XXI. Nuevas propuestas para el español y el alemán* ritstýrt af Carmen Mellado Blanco, Patricia

- Buján Otero, Claudia Herrero Kaczmarek, Nely M. Iglesias og Ana Mansilla Pérez, 169–190. Berlín: Frank Timme Verlag.
- Piirainen, Elisabeth. 2005. „Europeanism, Internationalism or Something Else? Proposal for a Cross-linguistic and Cross-cultural Research Project on Widespread Idioms in Europe and Beyond.“ *Hermes, Journal of Linguistics* 35: 45–75.
- . 2011. „Folk Narratives and Legends as Sources of Widespread Idioms: Toward a Lexicon of Common Figurative Units.“ *Electronic Journal of Folklore*, 48: 117–142. www.folklore.ee/folklore/vol48/piirainen.pdf.
- . 2012. *Widespread Idioms in Europe and Beyond. Toward a Lexicon of Common Figurative Units*. New York, Washington D.C./Baltimore, Bern, Frankfurt, Berlín, Brussel, Vín, Oxford: Peter Lang.
- . 2016. *Lexicon of Common Figurative Units. Widespread Idioms in Europe and Beyond*. New York, Bern, Frankfurt, Berlin, Brussel, Vín, Oxford, Varsjá: Peter Lang.
- Röhrich, Lutz. 1982. *Lexikon der sprichwörtlichen Redensarten*. Bd. 1–4. Freiburg/Basel/Vín: Herder.
- Torres, José Carlos de. 1996. *Diccionario del arte de los toros*. Madrid: Alianza Editorial.
- Zholobova, Anna. 2015. „La fraseología desde la dimension cultural.“ *X Linguae Journal*, 8, 1: 11–27.

Orðabækur og gagnagrunnar

- CVC = *Centro Virtual Cervantes*. <https://cvc.cervantes.es/lengua/refranero/>
- DiLEA = *Diccionario de locuciones idiomáticas del español actual*. 2019. Ritstýrt af Penadés Martínez, Inmaculada. Universidad de Alcalá og Universidad de Cádiz. <http://www.diccionariodilea.es/diccionario> [sótt 15. mars 2023].
- DLE = Real Academia Española. *Diccionario de la lengua española*. Real Academia Española. <http://dle.rae.es> [sótt 15. mars 2023].
- ÍA = *Íslensk alfræðiorðabók*. 1990. Ritstýrt af Dóru Hafsteinsdóttur og Sigríðir Harðardóttur. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- ÍNO = Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. *Íslensk nútímamálsorðabók*. Ritstýrt af Þórdísi Úlfarsdóttur og Halldóru Jónsdóttur. Árnastofnun. <https://islenkordabok.arnastofnun.is>
- ÍO = *Íslensk orðabók*. 2002. Ritstýrt af Merði Árnasyni. Reykjavík: Edda.
- ÍOB = *Íðorðabanki*. Árnastofnun. <https://idordabanki.arnastofnun.is/faersla/892180>
- ÍOS = Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Jón G. Friðjónsson. 2006. *Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki*. Uppruni, saga og notkun. Reykjavík: Mál og menning, 2. útg.
- ÍOnet = Jón Hilmar Jónsson og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. *Íslenskt orðanet*. Árnastofnun. <https://ordanet.arnastofnun.is/> [sótt 15. mars 2022].
- OED = Oxford (1989). *Oxford English Dictionary*. Clarendon Press.
- Redensarten-Index. *Wörterbuch für Redensarten, Redewendungen, idiomatische Ausdrücke, Sprichwörter, Umgangssprache*. <https://www.redensarten-index.de/suche.php?useDesktop=1> [sótt 15. mars 2023].

ÚTDRÁTTUR

Menning, staðhættir og saga sem endurspeglast í föstum orðasamböndum í íslensku, spænsku og þýsku

Í þessari grein er fjallað um föst orðasambönd í íslensku, spænsku og þýsku og er hér sjónum beint að því hvernig menning, staðhættir og saga endurspeglast í föstum orðasamböndum tungumálanna þriggja. Unnt er að skipta föstum orðasamböndum í tvo flokka eftir því hvort þau eru alþjóðleg eða algild (e. *universal*), þ.e. fyrirfinnast í mörgum tungumálum heims, sértæk eða svæðisbundin (e. *particular*), þ.e. koma einungis fyrir hjá afmörkuðum hópi eða þjóð. Þá er fjallað um flokkun Dobrovolskij og Piirainen sem skipa menningarfyribærum sem liggja menningarbundnum orðasamböndum til grundvallar í fimm flokka: (1) samfélagslegir þættir, (2) efnislegir þættir, (3) textar og tilvitnanir, (4) þættir sem falla undir yfirnáttúruleg fyrirbæri og (5) þættir sem lúta að ýmsum menningartáknum. Í greininni verður stuðst við þessar helstu flokkanir og nefnd dæmi um algild föst orðasambönd í tungumálunum þremur. Loks er fjallað um sértæk föst orðasambönd í tungumálunum þremur og hvernig uppruni þeirra tengist sögu, staðhættum og menningu hvers málsvæðis fyrir sig. Þar sem um sértæk orðasambönd er að ræða verður litið til uppruna orðasambanda í hverju tungumáli fyrir sig, íslensku, spænsku og þýsku.

Lykilorð: fraseólógía, samanburðarmálvísindi, föst orðasambönd, algild orðasambönd, sértæk orðasambönd., íslenska, spænska, þýska.

ABSTRACT

Culture, tradition and history reflected in fixed phrases in Icelandic, Spanish and German

This article deals with fixed phraseological units in Icelandic, Spanish and German. The focus is on how culture, traditions and history are reflected in the fixed expressions of the three selected languages. Fixed phrases can be divided into two categories depending on whether they are global or universal, i.e. found in many languages of the world, or specific or area bound, i.e. occur only in a specific language or language area. The article also discusses Dobrovol'skij's and Piirainen's classification of cultural phenomena that underlie cultural expressions into five categories: (1) social elements, (2) material elements, (3) texts and quotations, (4) elements that fall under the supernatural phenomena and (5) elements pertaining to various cultural symbols. In the article we will follow these main classifications and give examples of universal fixed phrases in the three languages. Finally, specific fixed expressions in the three languages are discussed and how their origin is related to the history, customs and culture of each language area.

Keywords: phraseology, comparative linguistics, fixed phrases, universal phrases, specific phrases, Icelandic, Spanish, German.